

Rekstur sauðfjárþú 2022



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.



María Svanþrúður Jónsdóttir.

Í nýrri skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins er fjallað um niðurstöður úr rekstri 193 sauðfjárþúa sem skiluðu inn gögnum fyrir árin 2020–2022

Þáttökubúin eru með að jafnaði 480 vetrarfóðraðar ær og endurspeglar rúmlega 27% af landsframleiðslu dillakjöts árið 2022.


Í meðfylgjandi töflu má sjá afkomu þessara þúa, raðað eftir framlegð tekna. Niðurstöðurnar sýna að afkoma íslenskra sauðfjárþúa batnaði heldur árið 2022, en er að meðaltali óviðunandi og breytileiki milli þúa er nokkuð mikill.

Helstu tækifæri sauðfjárþúna liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á hvert framleitt kíló dillakjöts. Munurinn á breytilegum kostnaði efsta og neðsta þriðjungs eru 405 kr./kg árið 2022 og hefur vaxið á milli ára.


Framleiðslukostnaður dillakjöts, án fjármagnsliða og afskrifta, er að meðaltali 1.535 kr./kg árið 2022.

	2020			2021			2022		
	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3
Afurðatekjur kr/kg	585	561	534	601	587	571	851	812	760
Greiðslur úr sauðfjársmning kr/kg	707	640	586	707	665	643	792	746	722
Greiðslur úr rammasamning kr/kg	35	38	42	31	39	46	37	42	46
Aukagreiðslur* úr sauðfjársmning kr/kg				80	79	78	116	116	117
Sprett- og álagsgr. jarðræktar 2022 kr/kg							50	60	67
Tekjur vegna sauðfjarræktar kr/kg	1.327	1.240	1.163	1.419	1.369	1.338	1.845	1.776	1.712
Aðkeypt fóður kr/kg	28	38	48	29	43	53	30	39	54
Áburður og sáðvörur kr/kg	138	166	194	132	178	225	228	305	387
Rekstur búvéla kr/kg	105	148	198	131	165	217	157	200	253
Rekstrarvörur kr/kg	83	102	130	90	117	157	117	137	166
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	99	125	166	104	138	177	118	150	195
Breytilegur kostnaður alls kr/kg	454	578	736	487	641	829	650	832	1.055
Framlegð kr/kg	874	661	427	932	728	509	1.195	944	657
Framlegðarstig tekna af sauðfjarrækt	65,8%	53,4%	36,7%	65,7%	53,2%	38,0%	64,8%	53,1%	38,4%
Viðhald eigna kr/kg	79	104	116	74	97	116	98	103	115
Rekstur húsnæðis kr/kg	61	63	67	65	67	72	80	80	90
Bifreiðakostnaður kr/kg	67	66	74	67	68	68	81	82	82
Annar rekstrarkostnaður kr/kg	61	57	61	54	65	85	48	62	85
Laun og launatengd gjöld kr/kg	349	313	291	330	332	310	387	375	360
Fastur kostnaður alls kr/kg	618	602	610	591	629	650	693	703	732
Rekstrarniðurst. f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg	256	59	-183	342	99	-141	502	241	-75
Afskriftir kr/kg	185	176	159	173	189	192	218	213	223
Fjármagnsliðir kr/kg	80	84	82	84	91	107	132	134	146
Rekstrarniðurstaða sauðfjárþús kr/kg	-9	-200	-424	84	-181	-440	152	-106	-445
Rekstrarn. sauðfjárþús % af sauðfjárt.	-0,6%	-16,2%	-36,5%	5,9%	-13,2%	-32,9%	8,2%	-6,0%	-26,0%
Framl.kostn. án afskrifta og fjárm.liða kr/kg	1.071	1.181	1.346	1.078	1.270	1.479	1.343	1.535	1.787
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.	1.653	825	226	1.502	493	-475	4.465	2.409	1.035

*Aukagreiðslur. Á árinu 2021 er það álag vegna Covid-19 og á árinu 2022 er það sprettgreiðsla vegna gæðastýringar



Mynd 1 - Hlutfallslega skipting afurðatekna og opinberra greiðslna eftir árum frá árinu 2014. Rauða línan sýnir EBITDA sem hlutfall af veltu sauðfjarræktar eftir árum.



Mynd 2 - Hlutfallslega skipting kostnaðar eftir árum frá árinu 2014.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Mikill breytileiki er eftir stærð þúa og fer framleiðslukostnaðurinn stíglækkandi með aukinni bústærð þar sem einstaka kostnaðarliðir deilast á fleiri kíló.

Framleiðslukostnaður dillakjöts að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum er 1.882 kr./kg árið 2022. Merki eru um bættu afkomu þáttökubúanna árið 2022 en þau tengjast að nokkru leyti hækkun á afurðaverði og einkisgreiðslum frá ríki, en einnig af auknum tekjum af öðru en sauðfjarrækt.

Hefði afurðaverð dillakjöts haldið í við almenna verðlagsþróun frá 2014 til 2022, hefði meðalafurðaverð átt að vera 789 kr./kg en var þess í stað 748 kr./kg sem er 40% hækkun frá fyrra ári.

Á árinu 2022 reiknast tap sauðfjarræktar að meðaltali 106 krónur á kg dillakjöts. Það hefði orðið enn meira ef ekki hefðu komið til einkisgreiðslur úr ríkissjóði.

Miðað við meðalatvinnutekjur á Íslandi árið 2022, 624 þúsund krónur á mánuði, eru mánaðarlaun sauðfjárþúa aðeins 45,5% af meðallaunum í landinu.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að bæta þurfi rekstrarumhverfi sauðfjárþúa þannig að beinar tekjur af framleiðslu sauðfjárafurða standi undir eðlilegri launakröfu, nauðsynlegum fjárfestingum, tæknivæðingu og nýliðun.

Gagnasafn þessa verkefnis nær nú frá árinu 2014 og vaxandi fjöldi þúa ár hvert. Á mynd 1 má sjá hlutfallslega skiptingu tekna ásamt EBITDA% af veltu sauðfjarræktar eftir árum.

” Á árinu 2022 reiknast tap sauðfjarræktar að meðaltali 106 krónur á kg dillakjöts. Það hefði orðið enn meira ef ekki hefðu komið til einkisgreiðslur úr ríkissjóði ...“

Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu helstu kostnaðarliða eftir árum.

Verkefnið stendur á tímamótum þar sem því lauk formlega árið 2023 samkvæmt þeim samningi sem undirritaður var sumarið 2021 milli ráðuneytis, Landssamtaka sauðfjárþúna og RML.

Sambærileg verkefni eru rekin innan RML og hafa þau ásamt þessu verkefni margsannað gildi sitt. Verkefninu verður því, samkvæmt stjórnendum RML, tryggð áframhaldandi fjármögnun fram til næstu búvörusamninga en ljóst er að huga þarf sérstaklega að fjármögnun þessara verkefna til framtíðar.

Höfundar eru ráðunautar í sauðfjarrækt hjá RML